

Reglugjörð

um forðagæslu í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913 skulu í hverjum hreppi kosnir svo margir menn til forðagæslu sem sýslunefnd ákveður, til þess að hafa á hendi eftirlit með fódurbirgðum hreppsþúa, og meðferð þeirra á búpeningi sínum.

2. gr.

Forðagæslumenn skulu fara tvær eftirlitsferðir á vetri um alt umdæmi sitt, skal hin fyrri hafin þegar fje er komið í hús, og skal henni lokið fyrir 1. desember. Þeir skulu nákvæmlega mæla öll hey á hverjum bæ í teningsmetrum töðu sjer og úthey sjer, ennfremur rannsaka eins og við verður komið gæði hejy-anna. Sömuleiðis skulu þeir grenslast eftir hvort aðrar fódurbirgðir sje ætlaðar búpeningi. Þetta skulu þeir einnig meta til fódurgildis, ef til er.

Þeir skulu skoða öll peningshús, og skera úr hvort þau eru viðunanleg að rúmi, birtu og loftræslu.

Ennfremur skulu þeir skoða allan búpening, sem á vetur er settur, og kynna sjer nákvæmlega tölu hans, og eftir því og öðrum kringumstæðum meta, hvernig ásetningur hvers einstaks fjárhafa er.

Sömuleiðis skulu þeir gefa bendingar um það, sem ábótavant virðist í því er að fjárhirðingu lýtur.

3. gr.

Í skýrslum þeim, sem forðagæslumenn senda hreppsnefndum, skal nákvæmlega taka fram hvort þeir álitu ásetningu manna svo athugaverða að sveitarfjelaginu geti stafað hætta af, ásamt tillögum sínum um það, hvernig að skuli fara.

4. gr.

Forðagæslumenn fara aðra skoðunarferð um umdæmi sín á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí eftir því sem við þykir eiga í hverju forðagæsluumdæmi. Þá skulu þeir enn mæla heyforða þann, sem fyrir er, sem og aðrar fódurbirgðir. Þeir skulu skoða grandgæfilega og kynna sjer nákvæmlega tölu á öllum búpeningi á hverju heimili, og gefa hverjum einstökum fjárhafa vitnisburð fyrir meðferð þeirra á búpeningnum umliðinn vetur.

Sje einhver tæpt staddur með fódurbirgðir, skulu þeir gefa honum þau ráð, sem líklegust eru til þess að afstýra skaða þeim og vandræðum er af því

geta hlotist. Að aflokinni skoðunargjörð sendi þeir svo hreppsnefndinni skýrslu **114**
sína, og tillögur samkvæmt 3. gr. 22. okt.

5. gr.

Áliti forðagæslumenn að einhver eða einhverjir sjeu svo tæpt staddir með fóðurförða, eða fari svo harðýðgislega með fjenað sinn að tjón geti af hlotist, skulu þeir fara sjerstakar aukaferðir til þeirra manna og reyna með bendingum og ráðleggingum að afstýra því. Komi það fyrir ekki, gefa þeir skýrslu um það til viðkomandi hreppstjóra.

6. gr.

Fái forðagæslumenn vitneskju um það að talsverðar fyrningar verði hjá bændum í umdæmi sínu skulu þeir útvega sjer um það sem ábyggilegasta vitneskju án þess þó að fara til þess sjerstaka skoðunarferð.

7. gr.

Í öllum eftirlitsferðum sínum skulu forðagæslumenn hafa dagbók, sem þeir rita inn í á hverju heimili alt það, sem skoðun þeirri viðkemur og máli skiftir. Upp úr þeirri bók skulu þeir svo er heim kemur færa inn í forðagæslubók sína það, sem þurfa þykir.

8. gr.

Þá er forðagæslumenn fara aðalskoðunarferðir sínar, ber þeim að halda skoðun tafarlaust áfram um skoðunarsvæði sín eftir því sem þeim er frekast unt og kringumstæður leyfa.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. október 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.